

Falsanir og falsrök: Samsæriskeningin um Gamla sáttmála

Axel Kristinsson

Athugasemd höfundar:

Heimildavísanir bera það með sér að greinin er upphaflega skrifuð fyrir Lesbók Morgunblaðsins (haustið 2006) þótt hún hafi ekki fengist birt þar af einhverjum ástæðum. Ég hef þó ekki séð ástæðu til að breyta greininni enda snúast athugasemdir mínar aðallega um galla í rökstuðningi en ekki í heimildavinnu.

Síðustu misseri hefur nokkuð borið á hugmyndum sem Patricia Pieres Boulhosa hefur sett fram þess efnis að Gamli sáttmáli 1262, sem Íslendingar síðari tíma hafa bæði elskað og hatað, sé í raun tilbúningur 15. aldar manna. Már Jónsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands hefur verið ötull talsmaður þessara hugmynda og hefur þýtt þann hluta úr bók Boulhosa (með breytingum höfundar) sem fjallar um þetta mál.

Síðastliðið vor var haldinn málfundur um kenningu Boulhosa, í Háskóla Íslands í tengslum við Söguþing 2006, þar sem Már og Helgi Þorláksson prófessor tókust á. Ég held að flestum sem þar sátu hafi þótt halla mjög á málstað Mús og Boulhosa og sjálfur gerði ég ráð fyrir því að málinu væri í raun lokið. Það var auðvitað misskilningur þar sem ekkert af því sem þar fór fram hefur enn birst á prenti og því til staðfestu skrifaði Már nýlega grein í Lesbók Morgunblaðsins þar sem hann ítrekar fylgi sitt við kenningu Boulhosa en nefnir ekki röksemdir Helga sem voru hinar athygisverðustu (þótt mig bresti minni til að endursegja þær af nákvæmni). Már endar grein sína með því að segja að annað hvort þurfi að mótmæla hugmyndum Boulhosa af

krafti eða taka til við endurskoðun íslenskrar sögu síðari hluta 13. aldar.

Vel má vera að nauðsynlegt sé að endurskoða sögu síðari hluta 13. aldar en þó tæplega af þessum ástæðum því að hugmyndir Mús og Boulhosa eru fjarri því að vera sannfærandi.

Sáttmálarnir tveir

Már rekur í sinni grein ágætlega tilurð ríkjandi hugmynda um Gamla sáttmála og verður það ekki endurtekið hér en aðeins minnt á að yfirleitt er gert ráð fyrir tveimur gerðum og í raun tveimur sáttmálum. Sá fyrri og hinn upprunalegi (stundum nefndur Gissurarsáttmáli af fræðimönnum) er talinn frá 1262 en hinn síðari frá 1302 og er eins konar endunýjun og áréttning hins fyrri þar sem ýmsu er þó bætt við og öðru hnikað til. Raunar er alls óvíst að síðari sáttmálinn sé raunverulegur sáttmáli sem konungur hafi staðfest. Vel má vera, og er það kannski líklegast, að hann sé aðeins yfirlýsing Íslendinga gerð í tilefni af konungshyllingu Hákonar háleggs, enda voru viðbæturnar eingöngu nýjar kröfur Íslendinga og segir í inngangi hans að inntaki hans hafi verið „jád og samþykkt af öllum almúga á Íslandi á

alþingi með lófataki.“ Sáttmálarnir fjalla, eins og flestum er kunnugt, um skilmálana fyrir sambandi Íslands við Noregskonung og gegndu þeir miklu hlutverki í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga þannig að það má auðvitað segja að komið sé við kauninn á þjóðhollum Íslendingum með því að efast um eðli þeirra. Ég hef ekkert á móti því að hrist sé upp í fólki og það er oft nauðsynlegt í jafn íhaldsamri fræðigreini og sagnfræðin er en það verður þó að gerast með rökum.

Helsta röksemdin er að elstu varðveitt handrit sáttmálanna eru frá 15. og 16. öld og mun það vera ástæða þess að grunsemdir vöknud. Það er hinsvegar ekki óalgengt um íslensk rit og skjöl að þau séu aðeins varðveitt í tiltölulega ungum uppskriftum hvernig sem á því stendur. Grunsemdirnar styrktust svo víst við það að í elstu lögbókarhandritum (frá 13. og 14. öld) sem innhalda þó réttarbætur ýmsar, var sáttmálana ekki að finna. Þetta er vissulega athyglisvert en dugir þó ekki til að afskrifa þá.

Skortur á heimild er ekki heimild um skort er meginregla í vísindum og fræðum sem á einkar vel við í sagnfræði og flestir sagnfræðingar hafa tileinkað sér. Reglan þýðir að það er talið vafasamt, hættulegt eða jafnvel óleyfilegt að afskrifa tilvist einhvers af þeirri einu ástæðu að heimildir vanti. Þannig eru t.d. engar heimildir til um að Íslendingar hafi átt hafskip á síðari hluta 13. aldar en það leyfir okkur þó ekki að fullyrða að Íslendingar hafi ekki átt hafskip. Á sama hátt getum við ekki ályktað að Gömlu sáttmálarnir hafi ekki verið til út frá því einu að þeir hafa ekki varðveist í samtímahandritum. Það er vissulega athyglisvert að þeir voru ekki teknir upp í lögbókarhanrit frá 13. og 14. öld en á því geta verið ýmsar skýringar. T.d. er rétt að huga að því hvernig lögbókarhandritin voru notuð. Ef þau áttu að vera fullkomin söfn allra gagna sem höfðu eitthvert stjórnsýslulegt gildi mætti búast við sáttmálunum þar. En hvað ef þau voru aðeins handbækur þeirra sem þurftu að vita hvaða lög giltu svo að hægt væri að

dæma eftir þeim? Voru einhver ákvæði í Gamla sáttmála sem til greina gæti komið að íslenskir dómstólar dæmdu eftir? Það verður varla séð og það gæti þýtt að sáttmálinn átti ekkert erindi inn í lögbókina að mati samtímamanna. Ef það er svo rétt að síðari sáttmálinn hafi aðeins verið yfirlýsing Íslendinga sem var aldrei samþykkt af konungi er gildi hans líka vafasamt og hann átti þá enn síður erindi í lögbók.

Rökin

Þrátt fyrir þá augljósu hættu sem felst í því að álykta út frá þögn heimilda heldur Boulhosa áfram og býr til samsæriskenningu um það hvernig Íslendingar á 15. öld bjuggu sáttmálana til. Til að styrkja hana tínir hún saman ýmis atriði sem vert er að skoða nánar og held ég mig hér að mestu við samantekt Más.

Gamla sáttmála 1262 er hvergi beinlínis getið í samtímaheimildum svo öruggt sé. Í Hákonar sögu gamla er þó talað um að „bréf“ hafi verið gert sem votti það er menn sóru konungi „land og þegna og ævinligan skatt.“ Þetta má túlka svo að átt sé við Gamla sáttmála eða a.m.k. drög að honum. Már reynir hinsvegar að sýna að svo sé ekki og bendir á að þarna sé ekkert minnst á önnur ákvæði sáttmálans og telur enga ástæðu til að ætla að þar hafi verið neitt meira en sem segir í Hákonar sögu. Hér fellur Már í sömu gryfju og áður að álykta út frá þögn heimilda. *Skortur á heimild er ekki heimild um skort.* Það er engin ástæða til að ætla að Hákonar saga hafi talið upp allt efni bréfsins. Það mikilvægasta við sáttmálann er að með honum gerðust Íslendingar þegnar konungs og hétu að greiða honum skatt. Þetta kemur skýrt fram í Hákonar sögu um efni bréfsins en önnur atriði sáttmálans skipta minna máli eða eru sjálfsagðir hlutir og því þurfa menn ekkert að undrast að þau skuli ekki nefnd í sögunni. Már furðar sig svo líka á því að þau skuli ekki hafa ratað inn í lögbækurnar Járnsíðu og Jónsbók sem voru samdar um 1270-80. Þegar

ákvæðin eru skoðuð kemur þó í ljós að þau áttu tæplega nokkurt erindi inn í íslenska lögbók; fjölluðu helst um skyldur konungs og rétt Íslendinga í Noregi. Ákvæðið um jarlinn var svo beinlínis orðið úrelt þegar lög- bækurnar voru samdar. Þessi röksemdafærsla Mús er því marklaus.

Má finnst ákvæðið í sáttmálunum báðum um að Íslendingar vilji að jarl sé „yfir oss“ tortryggilegt vegna þess að 1302 hefði jarlstign verið orðin aflögð í Noregi (raunar gerðist ekki fyrir en 1308) og að enginn jarl hafi verið skipaður á Íslandi eftir 1268. Þarna er þó auðvitað bara verið að vísa í fyrri sáttmálann og e.t.v benda á í leiðinni að hér sé ákvæði sem ekki hafi verið staðið við. Már heldur líka að 1262 hafi menn tæpast þurft að setja inn ákvæði um jarl þar sem menn hefðu varla ástæðu til að ætla að konungur vildi „breyta nokkru um þá skipan embættta sem hann hafði sjálfur haft frumkvæði að.“ Engu að síður er það staðreynd, eins og fram er komið, að Noregskonungur lagði jarlstignina af ekki löngu eftir að Íslendingar gengust honum á hönd. Már er sem sagt að segja að Íslendingar hafi verið svo hugmyndasauðir að þeim hafi ekki dottið í hug, það sem kom á daginn skömmu síðar, að konungur myndi leggja af þá tignarmenn innan ríkisins sem höfðu valdið honum hvað mestum vand- ræðum (eins og Skúli jarl er dæmi um). Fullyrðingin um að konungur hafi sjálfur átt frumkvæði að skipun jarls á Íslandi er líka í meira lagi vafasöm og líklegra að hann hafi neyðst til þess að þrábeiðni Gissurar Þorvaldssonar sem hlaut jarlstignina þegar hann var orðinn einn eftir af Íslenskum konungsmönnum.

Síðan telur Már að ákvæðið í sáttmálanum 1302 um að lögmenn og sýslumenn skuli vera íslenskir bendi ekki til aldamótanna 1300 enda hafi þjóðerni embættismanna ekki verið mikið mál á þeim tíma. Sannleikurinn er hinsvegar sá að einmitt um þetta leyti voru mikil brögð að því að norskir menn væri sendir hingað til æðstu embætta, meiri en

nokkru sinni fyrir og oftast síðar. Árið áður hafði komið hingað hinn norski Krók-Álfur og skipaður yfir Norður- og Austurland. Á þessum árum stóðu líka miklar deilur milli Íslendinga og konungs um skatt og fleira og blandaðist Álfur inn í þær og andaðist hér 1305 eftir að „skarr“ var gert að honum í Skagafirði. Það er afar eðlileg ályktun að Gamli sáttmáli síðari hafi verið þáttur í þessum átökum, e.k. stefnuskrá þeirra Íslendinga sem stóðu uppi í hárinu á konungi og hans mönnum. Í því ljósi verður krafan um að embættismenn séu íslenskir ofureðlileg og raunar mjög mikilvæg fyrir Íslenska höfðingja þar sem þessum embættum gátu fylgt miklar tekjur auk augljósra valda. Hafa ber í huga að á þessum tíma voru líklega ekki nema fjórir eiginlegir embættismenn konungs á Íslandi, tveir lögmenn og tveir sýslumenn, þannig að þótt aðeins tveir eða þrír þeirra væru norskir voru íslenskir höfðingjar strax orðnir býsna afskiptir. Vert er að benda á að krafan um íslenska embættismenn var ítrekuð þegar Magnúsi konungi Eiríkssyni voru svarnir eiðar 1320 sem sýnir að málið var vissulega á dagskrá snemma á 14. öld – nema þá að sú heimild sé líka fölsuð!

Már segir að mestu varði þó ákvæðið um að hingað skuli sigla sex skip árlega og telur að það eigi miklu betur við í byrjun 15. aldar en á þeirri 13. Um það má efast en það skiptir þó engu máli því ekki er hægt að benda á neitt sem mælir gegn því að ákvæðið sé rétt tímasett í Gömlu sáttmálunum báðum. Í bók sinn bendir Boulhosa að vísu réttilega á að þögn heimilda um hafskip Íslendiga megi ekki túlka sem heimild um að þeir hafi ekki átt hafskip (*skortur á heimild er ekki heimild um skort*) og að fullyrðingar um versnandi viðskiptakjör á þeim tíma, sem oft sjást í sagnfræðiritum, styðjist ekki við mikið annað en áðurnefnt skipaákvæði Gamla sáttmála. En svo er eins og hún gangi mun lengra og gefi sér að næg sigling hafi verið til Íslands og því ákvæðið ónaúðsynlegt á 13. öld. Fyrir því finnast þó lítil eða engin rök í bók hennar

eða annars staðar. Að ekki sé hægt að sanna að siglingu hafi hnignað á 13. öld jafngildir ekki sönnun hins gagnstæða, að hún hafi haldist öflug. En jafnvel þótt í ljós kæmi að svo hafi verið þá ættum við auðvitað að byrja á að leita skynsamlegra skýringa á skipa-ákvæðinu í stað þess að hlaupa upp til handa og fóta og afskrifa Gamla sáttmála.

Samsæriskenning

Vegna þessara heldur veigalitlu efasemda um uppruna Gömlu sáttmálanna setur Boulhosa fram samsæriskenningu um það að íslenskir höfðingjar á 15. öld hafi sameinast um að búa til (þ.e.a.s. falsa) sáttmálana til að styrkja stöðu sína í togstreitu við konungsvaldið. Samsæriskenningin vekur þó mun fleiri vandamál en hún leysir.

Í fyrsta lagi hlýtur maður að efast um nauðsyn slíkrar fölsunar eða að hún hafi verið fyrirhafnarinnar virði. Á 15. öld var konugsvald með veikasta móti á Íslandi og konugur átti í mesta basli með að ná þar fram vilja sínum, ekki síst vegna þess að samgöngur voru æði stopular á milli Íslands og Danmerkur (sem nú var orðin miðstöð ríkisins). Sigling var hinsvegar næg frá Englandi jafnan eða N-Þýskalandi þegar á leið. Að Íslendingar hafi skáldað upp fornt ákvæði um að sex skip kæmu frá Noregi, sem ekki hafði gengið eftir, til að réttlæta verslun við Englendinga virðist harðla langsótt. Þeir höfðu í raun næga afsökun í því einu að það var við fáa aðra að skipta en Englendinga og er ekki sjáanlegt að skipaákvæðið hafi verið dregið inn í þá umræðu nema eingöngu vegna þess að það var vel þekkt.

Og hvernig áttu menn svo að komast upp með annað eins. Það er ekki eins og lög og sáttmálar hafi verið neitt leyndarmál og til þess að falsa sáttmálana hefði þurft mikla samstöðu allra sem sýsluðu með slíkt hér innanlands. 15. öldin var óróatími á Íslandi sem einkenndist af miklum og hörðum átökum innan höfðingjastéttarinnar þar sem sumir voru greinilega konunghollari en aðrir.

Hvernig í ósköpunum átti að vera hægt, við slíkar aðstæður, að skapa þá samstöðu sem þurfti til svo umfangsmikillar fölsunar.

Og af hverju er fölsunin til í tveimur mismunandi gerðum? Ef þetta var fölsun var þá ekki einfaldast og áhrifaríkast að hafa hana í einni samræmdri gerð? Og þótt sáttmálarnir hafi ekki varðveist í eldri gerðum en frá 15. öld eru samt til aðrar heimildir frá þeirri 14. sem greinilega vísa til þeirra. Þar á ég t.d. við bréf um skilmála við Magnús konung Eiríksson frá 1320 (þar sem m.a. skipaákvæðið kemur fyrir) og Árnesingaskrá frá 1375. Eina leiðin er að gera, eins og Már, ráð fyrir því að einnig þessar heimildir séu einhverskonar fals og þá er nú samsærið farið að vinda heldur betur upp á sig. Við eigum þá einhvernveginn að trúna því að Íslendingar hafi á 15. öld setið iðnir við að falsa sögu landsins síðustu tvær aldirnar, jafnvel þótt ritun frásagna frá þessu tímabili lægi að mestu niðri. Það hafi tekist svo vel að enginn uppgötvaði neitt fyrr en hálfu árþúsundi síðar en tilgangurinn með öllu saman hinn óljósasti.

Fullyrðingar Más og Boulhosa um að inntak sáttmálanna stangist á við það sem annars er vitað um ástand mála um 1262 og 1302 eru beinlínis rangar. Inntak sáttmálans frá 1262 er í fullu samræmi við það sem vitað er um gang mála á þeim tíma og sáttmálinn frá 1302 rímar ágætlega við þá togstreitu sem vitað er að stóð þá á milli konungs og Íslendinga. Þar eru engar tímaskekkjur, ekkert sem stingur í stúf. Eftir stendur aðeins að handrit sáttmálanna eru ung og það er í sjálfu sér forvitnilegt en samt engin ástæða til að búa til langsótta samsæriskenningu.

Í heild er kenningin um fölsun Gamla sáttmála prýðilegt dæmi um þær villigötur sem fræðimenn geta lent í þegar þeir draga ályktanir af þögn heimild og ætti að verða víti til varnaðar.

Helstu heimildir

Axel Kristinsson: „Embættismenn konungs fyrir 1400“. *Saga XXXVI* (1998), bls. 113-152

Boulhosa, Patricia Pires: *Gamli sáttmáli. Tilurð og tilgangur*. Reykjavík 2006

Islandske Annaler indtil 1578. Útgefandi Gustav Storm. Osló 1888.

Íslenskt fornbréfasafn I. Útgefandi Jón Siguðsson. Kaupmannahöfn 1857-76.

Már Jónsson: „Gamli sáttmáli – er hann ekki til?“ *Morgunblaðið – Lesbók 9. september 2006*, bls.10.